


# Innkaupapoki

Höfundur: Elín Arndís Gunnarsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 7.–10. bekk

Endurvinnsluverkefni – Bolur verður innkaupapoki



## Aðferð:


Vélsaumur

## Áhöld:

- ✓ Saumavél
- ✓ Skæri
- ✓ Títuprjónar

## Efni:

- ✓ Stuttermabolur
- ✓ Tvinni
- ✓ Tölur eða borðar til að skreyta með




## Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Lesið leiðbeiningar vel áður en vinna hefst.
- 2 Munið að nota títuprjóna, það auðveldar vinnuna.

Muna að nota títuprjóna.




- 3 Klippið bolinn samkvæmt mynd. Notið títuprjóna og nælið bolinn saman hjá ermagapi svo bolurinn fari ekki á hreyfingu meðan klippt er. Klippið sauminn frá bolnum þannig að hann fylgi ermum.



- 4 Snúið bolnum við og saumið yfir axlasaum til að styrkja höldurnar á pokanum.
- 5 Saumið fram og til baka við op undir höndum svo saumurinn rakni ekki upp á hliðum pokans.
- 6 Nælið saman neðst á bol til að loka pokanum. Títuprjónarnir þurfa að liggja þvert á efni svo hægt sé að sauma yfir þá í saumavél. Saumið saman opið.

- 7 Fletjið hornin á innkaupapokanum eins og sýnt er á mynd og nælið þvert á þar sem saumur á að koma. Þannig myndast falskur botn í pokanum. Saumið þvert yfir báðum megin.



- 8 Snúið pokanum við. Hægt er að skreyta pokann með því að þrykkja mynd eða texta á hann eða setja perlur, borða eða tölur til skreytingar.
- 9 Þessi innkaupapoki er sterkur og endist vel og lengi.



### *Til kennara*

Í þessu verkefni er gott að útskýra fyrir nemendum hvernig falskur botn á tösku lítur út. Hér er nauðsynlegt að nota títuprjóna til að næla saman bolinn svo hann fari ekki á hreyfingu þegar verið er að klippa. Ef innkaupapokinn er tvöfaldur, þ.e. tveir innkaupapokar búnir til og saumaðir hvor inn í annan er hægt að stækka ermagatið og þá er kominn finni poki til að geyma sundfötin eða íþróttafötin eða bara eitthvað allt annað.